



Alþingiskosningar 2021

Kjörstaður - Ljósvetningabúð

Laugardaginn 25. september 2021 næstkomandi fara fram kosningar til Alþingis.

Í þingeyjarsveit fer atkvæðagreiðsla fram í Ljósvetningabúð og **hefst kjörfundur kl. 10:00**.

Kjörfundur verður opinn til kl. 22:00.

Á kjörstað geri kjósandi grein fyrir sér með framvísun skilríkja eða á annan fullnægjandi hátt.

Sími kjörstjórnar á kjörstað er
4643617 og 8660025

Kjörstjórn

31.tbl.
15.sept. 2021
28.árg.

Hlaupastelpán

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



Heimboð

Persónulega safnið verður opið dagana 15. og 16. september kl 14-17. Safnið er staðsett við Einishúsaveg, skiltið sem stendur á Einishús er við þjóðveg 845, vísar veginn í veturnar verður opið eftir samkomulagi með því að hringja í síma 8654910 engin aðgangseyrir en tekið á móti frjálsum framlögum til eflingar safnsins

Verið velkomin Guðfinna

Hlaupastelpan

Er gefin út á miðvikudögum vikulega
Svo lengi sem nægt efni berst til útgáfu.



Auglýsingum þarf að skila
fyrir kl. 15:00 á mánudögum.

Verð frá 1. júlí 2021

Hálfsíðuauglýsing kr. 3.850- m.vsk.
Heilsíðuauglýsing kr. 5.000- m.vsk.

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is

Allar nánari upplýsingar eru í síma 8953386
Dagný Pétursdóttir

Stelpuna er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar.
<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Aðalfundur Hjálparsveitar Skáta Reykjadal

verður haldinn á Narfastöðum föstudaginn 1. október kl. 18:00

Dagskrá Aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningar
3. Breytingar á félagaaðild
4. Lagabreytingar
5. Kosningar
6. Önnur mál

Áætlað er að fundi ljúki um kl. 20:00 en þá verður boðið uppá mat og drykki fyrir fundargesti.

Allt fullgilt félagsfólk sem náð hefur 18 ára aldri getur gefið kost á sér til setu í stjórn en kosið er um fimm stjórnarmenn árlega sem skipta síðan með sér verkum. Fundarstjóri mun óska eftir framboðum í stjórn undir liðnum „Kosningar“.

Hafi fólk tillögur að lagabreytingum skal skila þeim skriflega til stjórnar eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund. Hægt er að senda tillögur á hnikarr@laugar.is.

Matseðillinn hljómar þannig:

Í aðalrétt verður grillað nautakjöt með frönskum kartöflum,
salati og bearnaise sósu.
Í eftirrétt verður ís og ískex.

Nýir meðlimir eru sérstaklega boðnir velkomnir.

Stjórn HSR

Opið hús aldraðra í Þingeyjarsveit.

Nú er komið að því að opna hús að nýju. Stefnum að því að hafa opnu húsin í Þingeyjarskóla, Seiglu og Stórutjarnaskóla til skiptis og með líku sniði og var fyrir covid. Hádegismatur, kaffi, félagsskapur og almenn skemmtilegheit.

Við höldum okkur við þriðjudaga eins og áður :

Þingeyjarskóli 21. sept., 12. okt., 2. nóv., 23. nóv.

Seigla 28.sept., 19.okt., 9.nóv., 30.nóv.

Stórutjarnaskóli 5.okt., 26.okt., 16.nóv., 7.des.

Þægilegasta aðkoma í Seiglu er að keyra upp að skóla að austan og ganga þar inn.

Hádegismatur er í boði á öllum stöðum kl. 13:00 og kostar 750 kr.

Það er nauðsynlegt að láta vita fyrir hádegi daginn áður ef fólk vill fá hádegismat.

Þingeyjarskóli sími 464-3583

Seigla sími 862-3350/464-3166

Stórutjarnaskóli sími 464-3222

Boccia hefst kl. 12:00 í Stórutjarnaskóla þegar Opið hús er þar og Ásgrímur mun stjórna af alkunnri snilld.

Dagskrá hefst alls staðar kl. 13:45.

Það verður ýmislegt til skemmtunar s.s. söngur, hljóðfæraleykur, myndasýningar og upplestur. Eins og áður verður spiluð félagsvist í Stórutjarnaskóla. Það er líka hægt að hittast og spjalla saman eða hafa meðferðis handavinnu. Ef einhverjir vilja koma með og flytja efni til skemmtunar og fróðleiks þá er það að sjálfsögðu vel þegið.

Opið hús er á vegum Þingeyjarsveitar og fólk þarf ekki að vera í Félagi eldri borgara til þess að taka þátt.

Allir eru hjartanlega velkomnir.

Umsjónarfólk :

Anita Þórarinsdóttir sími 464-3286 og 894-3286

Jóhanna Magnea Stefánsdóttir sími 464-3380 og 863-3381

Ólina Arnkelsdóttir sími 464-3608 og 865-8882



Kvöldverðarhlaðborð í sumarlok

Hið klassíkska kvöldverðarhlaðborð
Gistihússins á Narfastöðum,
Föstudagskvöldið 17. sept.
og laugardagskvöldið 18. sept.

Á matseðli:

Reyktur silungur, grafinn lax, marineraðir sjávarréttir,
reykt gæsabringa, reykt nautatunga, roastbeef,
villisveppasúpa

Sunnudagslamb, nýtt grísalæri, bæjonskinka,
innbakaður lax, þorskur í ostasósu
Bakaðar kartöflur, soðnar kartöflur, ferskt salat,
bakað grænmeti, pastasalat

Skyrkaka, volgur rabbabaragrautur, gulrótarkaka, volg
eplakaka, rjómi

Verð kr. 6.800 per mann.

Gisting (í tveggja manna herbergi) og
kvöldverðarhlaðborð

kr. 14.800 per mann

Borðapantanir í síma 464 3300

Takmarkaður sætafjöldi - Grímuskylda

Hlökkum til að sjá ykkur

Gistihúsið á Narfastöðum

Við tökum við Ferðagjöfinni



Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

UTANKJÖRFUNDARATKVÆÐA GREIÐSLA

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna kosninga til Alþingis þann 25. september 2021 fer fram sem hér segir:

Húsavík, Útgarði 1, mánudaga til fimmtudaga kl. 9:00 - 15:00 og föstudaga kl. 9:00 – 14:00.
Um helgar er opíð kl. 10:00 - 13:00.
Á kjördag er opíð frá kl. 10:00 - 12:00.

Pórshöfn, Fjarðarvegi 3, virka daga frá kl.10:00 til 14:00.

Akureyri, *Glerártorgi, við austurinngang*,
virka daga kl. 10:00 - 18:30.
Um helgar er opíð kl. 11:00 - 15:00.
Á kjördag er opíð kl. 10:00 - 18:00.

Einnig er hægt að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá kjörstjórum sýslumanns í/á Grýtabakkahreppi, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppi, Raufarhöfn, Kópaskeri og víðar. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunni www.syslumenn.is.

Kjósendar eru minntir á að hafa persónuskilríki meðferðis

Sérstakar ráðstafanir vegna þeirra sem ekki geta mætt á kjörstað vegna COVID-19 farsóttarinnar verða auglýstar þegar nær dregur kjördegi.

*Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
Svavar Pálsson*



Kjörskrá vegna alþingiskosninga 2021

Kjörskrá fyrir Þingeyjarsveit vegna alþingiskosninga sem fram fara 25. september 2021 liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins frá og með 13. september til kjördags. Skrifstofa Þingeyjarsveitar í Kjarna er opin alla virka daga frá kl. 9:00 - 12:00 og 12:30 - 15:00.

